



ORGANON

Fagfélag hómópata

14. október 2014.

Umsögn Organon fagfélags hómópata við tillögu til þingsályktunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál.

Organon, fagfélag hómópata á Íslandi fagnar umræðu um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu á Íslandi og er tilbúið til samvinnu og samráðs hvað þessi mál varðar. Einnig óskum við eftir að fylgjast með vinnu fyrirhugaðs starfshóps, auk frekari upplýsinga þegar skýrsla hópsins liggur fyrir.

Organon leggur áherslu á að yfirvöld efli almenning til sjálfshjálpar þar sem ábyrgð á eigin heilsu og líðan er í forgrunni. Stjórnvöld styðji við það markmið með forvörnum.

Hómópatar í Organon starfa samkvæmt Lögum um græðara nr. 34/2005 og eru aðilar að Bandalagi íslenskra græðara.

Samhliða setningu laga um græðara var þverfaglegur starfshópur um tveggja ára skeið að störfum á vegum heilbrigðisráðuneytisins og skilaði af sér fróðlegri skýrslu þar sem m.a. er greint frá forsögu lækninga, fyrirkomulag þessara mála í hinum ýmsu löndum og undir liðnum *“Niðurstöður og tillögur”* segir svo: *“Kennslustofnanir sem mennta heilbrigðisstéttir auki kynningu og fræðslu um heilsutengda þjónustu græðara og samspil hennar við opinbera heilbrigðisþjónustu”* Skýrsla þessi er aðgengileg á netinu (Sjá slóð hér að neðan).

Nýverið kom út skýrsla frá *World Health Organization, WHO*, sem ber heitið *“WHO traditional medicine strategy 2014-2023”*. Skýrslan geymir fjölda gagnlegra upplýsinga varðandi stefnur og áherslur WHO sem nýtast stjórnvöldum og

yfirmönnum heilbrigðisþjónustu aðildarlandanna við stefnumörkun á heilbrigðissviði, einnig hvað varðar menntun og rannsóknir (Sjá slóð hér að neðan).

Í skýrslunni er lögð áhersla á að efla megi samstarf heilbrigðisþjónustunnar og heilsutengdrar þjónustu/meðferða, þar sem markmiðið er að auka samvinnu til heilsueflingar almennings. Skýrslan telur einnig fjárhagslegan ávinning af frekari samvinnu þessara stétta.

Organon hefur áhuga á að efla samstarf við núverandi heilbrigðis- og velferðarþjónustu með velferð skjólstæðingsins í fyrirrúmi. Enda er fast kveðið á um slíkt samstarf í stefnumörkun WHO.

Organon, fagfélag hómópata óskar eftir að yfirvöld skoði hvernig megi auka samstarf og samþættingu heilbrigðiskerfisins við heilsutengdar greinar svo ekki verði vikist undan þeirri ábyrgð að efla forvarnir og sinna stefnumörkun á sviði heilbrigðismála.

Virðingarfyllt.

f.h. stjórnar Organon, fagfélags hómópata í Íslandi

Dagný Ösp Helgadóttir, formaður

Lög um græðara 34/2005

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2005034.html>

Skýrsla WHO, Traditional medicine strategy 2014-2023

http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm_strategy14_23/en/

Skýrsla heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi.

<http://www.althingi.is/altext/131/s/0731.html>